

Nr. 044/14 Hafró SH 29**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6155 IMO nr.
Smíðaður: Faaborg Danmörku 1980 plast
Stærð: 4,86 brl. 4,13 bt.
Mesta lengd: 7,12 m Skráð lengd: 7 m
Breidd: 2,72 m Dýpt: 1,36 m
Vél: Bukh 26 kW 1980
Fjöldi skipverja: 1



Hafró © Arnbjörn Eiríksson

Gögn:
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 13. maí 2014 var strandveiðibáturinn Hafró SH 29 á siglingu út frá Grundarfirði. Veður: NA 5-7 m/sek.

Þegar báturinn var kominn út undir Bárumannagrunn gekk skrúfuöxullinn aftur úr ástenginu við gírinn. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og Snöggur SH 276 dró Hafró áleiðis til Grundarfjarðar en síðan tók björgunarbáturinn Reynir við drættinum.

Við rannsókn kom fram:

- að kíllinn í flansanum gaf sig og í ljós kom að hann var tærður og slitinn;
- að vélin var framarlega í bátinum og öxullinn langur og hvíldi á búkkalegu. Skipstjórinn hafði ekki fundið neinn slátt á honum og kvaðst ekki hafa fengið í skrúfunu;
- að skipstjórinn hafði átt bátinn í u.þ.b. tvö ár og sagði mögulegt að þetta hefði aldrei verið skoðað frá því að búnaðurinn hefði verið settur í bátinn.

Nefndarálit:

Orsök atviksins er að kíll í flansa gaf sig.